

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Grindavík i5



Dags eftirlits	17.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Reitur I5, vestan Grindavíkur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefanía Karlsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Dennis Espinoza	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Snýr að skilum á niðurstöðum mælinga sem á samkvæmt grein 4.3 að skila tvisvar á ári.

Umhverfisstofnun óskar eftir að fá afhenta áætlun um meðferð úrgangs, sbr. gr. 3.10 í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Fyrir lá að skoða fiskeldi Matorku Hrauni, Húsatóftum, áframeldi (grow-out) á svæði i5. Starfsleyfið var gefið út í október 2020 og hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 6000 tonn.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Hildur Kristinsdóttir, Dennis Espinoza og Ósk Sigvaldadóttir frá Matorku og Freyr Ævarsson og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Farið yfir eldri útafstandandi mál, stöðu frávíka og ábendinga síðustu ára.
- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og stöðu gagnvart losunarmörkum í starfsleyfi.
- Farið yfir helstu kröfur í starfsleyfinu (frá 2020)
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
- Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir, skoðun á starfseminni.

1. Í starfsleyfi er krafa um hreinsun í frárennsli stöðvarinnar. Enn rennur frárennslið óhreinsað til sjávar. Úrbótaáætlun rekstraraðila hljóðar upp á að frárennsli verði hreinsað með tromlusíu og lífrænum úrgangi úr frárennsli verði safnað. Unnið er eftir tímasettri áætlun sem gerið ráð fyrir að söfnun lífræns úrgangs hefjist eigi síðar en 31. desember 2022.

Ábending sem gerð var á síðasta ári er nú orðin að frávíki þar sem ekki var brugðist við. Frávikið snýr að skilum á niðurstöðum mælinga. Í grein 4.3 í starfsleyfi segir: „Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila og vöktunaráætlun“. Enn eru niðurstöður mælinga bara að skila sér til eftirlitsaðila einu sinni á ári (með ársyfirliti).

Gæðahandbók Matorku (útgáfa 7.1) fyrir Hraun i5 gerir bara ráð fyrir mælingum á efnalosun, total P og total N einu sinni á ári þótt kröfur í starfsleyfi segi tvisvar á ári.

2. Framleiddur lífmassi í stöðinni var 1.220 tonn á árinu 2021 og lífmassi í lok árs var 942 tonn. Heildar fóðurnotkun ársins 2021 var 1.224 tonn, og fóðurnýting var því 1,0. Mælingar á eldisvatni og frárennslisvatni voru gerðar á árinu og umreiknuð mæld gildi á þeim tíma sem mæling var tekin og færð yfir í framleitt tonn eru 8,1 kg P/framleitt tonn sem er ásætlanlegt og undir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi.

Enn er engin hreinsun í frárennsli stöðvarinnar en eldisvatn síað í tromlusíu á milli kerja, endurnotað og í það er bætt súrefni.

3. Samkvæmt starfsleyfi skulu eftirfarandi skriflegar áætlanir liggja fyrir í starfsstöðinni; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun, viðbragðsáætlun, áætlun um meðhöndlun úrgangs og vöktunaráætlun. Stofnunin óskar eftir afriti af áætlun um meðhöndlun úrgangs, en sbr. gr. 3.10 í starfsleyfi skal skila henni til Umhverfisstofnunar.

Árlega skal taka saman ársyfirlit og grænt bókhald og senda til Umhverfisstofnunar. Skýrslurnar hafa borist á réttum tíma. Eins og fjallað er um hér að ofan skal tvisvar á ári skila niðurstöðum mælinga úr

sýnum sem tekin eru við inntak og útrás eldisvatns.

4. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með starfsfólki sem var viðstatt eftirlitið. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

5. Olúgeymir (2500 ltr.) við varaafsstöð stöðvarinnar er kominn á skrá hjá Umhverfisstofnun. Upplýsingum um olúgeyminn verður komið á framfæri við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesjasvæðis.

6. Farið var í skoðun á stöðinni. Farið að sjótökuholum, skoðuð varaafstöð og olúgeymi, eins fóðurtankar og fóðurstýring. Gengið niður með efstu kerjum og skoðaður búnaður til endunýtingar á eldisvatni. Engar athugasemdir voru gerðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 4.3 í starfsleyfi	Í grein 4.3 í starfsleyfi segir: „Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila og vöktunaráætlun“. Enn eru niðurstöður mælinga bara að skila sér til eftirlitsaðila einu sinni á ári (með ársyfirliti).


ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun óskar eftir að fá afhenta áætlun um meðferð úrgangs, sbr. gr. 3.10 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.08.2022



Gottskálk Friðgeirsson

